

72
31. maí**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að ákveðið sé að hefja nú þegar byggingu 10 þús. mála sildarverksmiðju á Siglufirði. Samningaumleitarnir stjórnar sildarverksmiðja ríkisins um kaup á nauðsynlegum lóðarréttindum og mannvirkjum, sem á lóðunum eru, hafa ekki borið árangur og ber því brýna nauðsyn til, að þessi lóðarréttindi og mannvirki verði tekin eignarnámi.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt vegna sildarverksmiðja ríkisins að taka eignarnámi réttindi yfir lóðunum nr. 18 og 21 við Norðurgötu og nr. 2 við Þormóðsgötu á Siglufirði ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, sem á þessum lóðum eru.

2. gr.

Eignarnám það, sem um ræðir í 1. gr. hér að framan, skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

73
31. maí**FORSETAÚRSKURÐUR**

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. Forsætisráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdarstjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, er varða stjórnarráðið í heild. Enn fremur utanríkismál.
- II. Ráðherra Áki Jakobsson. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið, sildarútvegsmál (sildarverksmiðjur og Sildarútvegsnefnd), Fiskimálanefnd, utanríkisverzlun með sjávarafurðir. Enn fremur Landssmiðjan, Atvinnudeild Háskólans, Rannsóknarráð ríkisins. Flugmál. Veðurstofan.